

Reykjavík, 14. nóvember, 2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara

Umsögn Barnaheilla, Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/202, með síðari breytingum og barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

Barnaheill, Save the Children á Íslandi fagna framlögðu frumvarpi til breytinga á ofangreindum lögum og að öll tvímæli séu tekin af því að líkamlegar refsingar séu ekki leið til uppeldis barna, heldur séu þær ofbeldi, séu auðmýkjandi fyrir barnið og valdi því skaða. Slíkt bann er í samræmi við 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna gegn öllu ofbeldi og vanrækslu. Barnaheill vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Athugasemdir Barnaheilla, Save the Children á Íslandi:

1. kafli. Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/202, með síðari breytingum

1. gr. frumvarpsins

1.mgr. 1gr. laganna:

Barnaheill leggja til að setningin: „*Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska*” verði tekin út. Hún á ekki við í þessu samhengi.

2. gr. frumvarpsins

Viðbót við 3. gr. laganna:

Hér er verið að skilgreina óviðunandi aðstæður og telja Barnaheill mikilvægt að slíkt sé skilgreint, en leggur til að hugtakið misboðið sé tekið út og í staðinn komi: *Í lögum þessum er að jafnaði átt við að barn búi við vanrækslu, ofbeldi eða annars konar illa meðferð, þ.m.t. heimilisofbeldi.* Í greinargerð með frumvarpinu stendur: „*Á það skal bent að skilgreiningin á óviðunandi aðstæðum sem hér er mælt fyrir um gerir ráð fyrir að barni þurfi að vera misboðið*”. Barnaheill vilja benda á að barn geti búið við óviðunandi aðstæður, án þess að það geri sér grein fyrir því sjálft og finnist því vera misboðið. Barnaheill telja mikilvægt að tekin sé af öll tvímæli að það sé ekki á ábyrgð barnsins að meta slíkt og leggja því til að ofangreind setning verði tekin út úr greinargerðinni.

3. gr. frumvarpsins

1. og 2. mgr 99.gr.laganna:

Hér eru ákvæði um sektir eða fangelsi.

Samtökin telja mikilvægt að í málum þegar foreldrar eiga í hlut, sé komið á öflugri foreldrafræðslu og stuðnings til foreldra í uppeldi barna sinna. Fangelsun foreldra sé ekki endilega sú leið sem best er í slíkum dæmum og ekki börnunum fyrir bestu.

2. kafli. Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum

4. gr. frumvarpsins

2. mgr. 28gr. laganna. Barnaheill eru sammála nýjum málslið.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla, Save the Children á Íslandi

Petrína Ásgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri

Lagaumsagnanefnd Barnaheilla:

Ágúst Þór Árnason, stjórnarmaður

Dögg Káradóttir, stjórnarmaður

Hlíf Steingrimsdóttir, stjórnarmaður

Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri

Þórhildur Líndal, stjórnarmaður